



152. FUNDUR HEILBRIGÐISNEFNDAR VESTURLANDS -

Mánudaginn 29. október 2018 kl. 16

í stjórnarsýsluhúsi Hvalfjarðarsveitar á Innrimel 3, Melahverfi.

Á fundinum voru:

Auður Kjartansdóttir, Snæfellsbæ (AK)
Brynja Þorbjörnsdóttir, Hvalfjarðarsveit (BP)
Jakob Björgvin Jakobsson Stykkishólmi (JBJ)
Ólafur Adolfsson, Akranesi (ÓA)
Silja Eyrún Steingrímsdóttir, Borgarbyggð (SES)
Trausti Gylfason, samtök atvinnulífsins. (TG)

Ragnhildur Sigurðardóttir (fulltrúi náttúruvernda) komst ekki á fundinn. Á fundinum var auk nefndarmanna Helgi Helgason framkvæmdastjóri og Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi sem ritaði fundargerð. Trausti Gylfason fór af fundi eftir 3. dagskrárlið.

Framkvæmdastjóri bauð nýja heilbrigðisnefnd fyrir kjörtímabilið 2018 - 2022 velkomna til starfa.

1. Fundur settur.

Framkvæmdastjóri setti fund, kynnti starf nefndarinnar og helstu lög og reglugerðir sem heilbrigðisnefndir vinna eftir.

2. Heilbrigðisnefnd.

Kosning formanns heilbrigðisnefndar og varaformanns.

Ólafur Adolfsson var kjörinn formaður.

Auður Kjartansdóttir var kjörin varaformaður.

Ólafur tók við stjórn fundarins.

3. Breytingar á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Heilbrigðisnefndin lýsir vonbrigðum sínum með skort á samráði vegna útgáfu reglugerðar nr. 550/2018. Nefndin telur að hún verði til að flækja útgáfu starfsleyfa fyrir minni fyrirtæki, seinka útgáfu leyfa og hækka verulega gjöld minni fyrirtækja við útgáfu starfsleyfa. Þetta mun auka vinnu heilbrigðiseftirlitsins við útgáfu starfsleyfa og kalla á aukið mannahald.

Þá vill heilbrigðisnefndin benda á að skv. breytingum á lögum nr. 7/1998, sem tóku gildi á miðju ári 2017, er ráðherra heimilt að gefa út reglugerð um skráningarskyldu fyrirtækja í stað starfsleyfis. Nefndin varar við þessum breytingum enda liggur ekki fyrir hvernig útfæra eigi slíka skráningarskyldu og hvort hún eigi t.d. eftir að leiða til fjölgunar á fyrirtækjum í íbúðarhverfum eða svæðum þar sem skipulag er ekki til staðar eða viðkomandi starfsemi verði á skjön við gildandi skipulag.

4. Fjárhagsáætlun HeV 2019.

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun 2019.

Tímagjald hækkar um 5% og verður 15.478 kr. Framlag sveitarfélaga hækkar um 6.7%.

Nefndin samþykkir 3 milljón króna framlag sveitarfélaga til kaupa á bíl fyrir HeV.

Nefndin samþykkir framlögð drög og felur framkvæmdastjóra að senda sveitarfélögum á Vesturlandi fjárhagsáætlunina til samþykktar.

5. Starfsleyfi.

Skaginn hf., Bakkatún 26, Akranesi. Járnsmiðaverkstæði. – *Endurnýjun*

Porgeir & Ellert hf, Bakkatúni 26, Akranesi. Járnsmiðaverkstæði. – *Endurnýjun*

Brotajárn og málmar ehf. - Framlenging á tímabundnu starfsleyfi

Þurranes 2, Dalabyggð. Minna gistiheimili og frístundahús. – *Nýtt leyfi.*

Fiskmarkaður Snæfellsbæjar ehf. Nesvegi 4, Grundarfirði. – *Fiskmarkaður. -Nýtt.*

Sæból 46, Grundarfirði. Lárperla slf. Gististaður- 2 íbúðir. – *Nýtt leyfi.*

Snyrtistofa Brynhildar, Stilholti 14, Akranesi. Snyrtistofa – *Tímabundið leyfi.*

Egils Guesthouse ehf, Egilsgötu 6, Borgarnesi. Gististaður 3 íbúðir. – *Nýtt leyfi.*

Hótel Ljósaland, Skriðulandi, Dalabyggð. P1 ehf. Gististaður með veitingum. – *Nýtt leyfi.*

Dekkjaverkstæði Kristins Reynissonar., Nýja-Bæ, Borgarbyggð. – *Nýtt leyfi.*

Farfluglaheimilið Borgarnesi Borgarbraut 9-13, EIH ehf. Gistiheimili stærra. – *Nýtt leyfi.*

Akranes HI Hostel, Suðurgötu 32, Akranesi. EIH ehf. – *Gistiheimili stærra. – Nýtt leyfi.*

Gallery Guesthouse, Merkigerði 7, Akranesi, EIH ehf. – *Gistiheimili stærra. – Nýtt leyfi.*

Landsnámssetur Ísland ehf, Brákarbraut 13-15, Borgarnesi. Veitingastaður – *Nýtt leyfi.*

Hraunsnef sveitahótel, Hraunsnefi Borgarbyggð. Gististaður með veitingum. – *Nýtt leyfi.*

Kristín snyrtistofa, Borgarbraut 59, Borgarnesi. Snyrtistofa. – *Nýtt leyfi.*

Skúririnn PizzaJoint, Borgarbraut 1, Stykkishólmi. Krummafótur ehf. – *Veitingaverslun.- Nýtt leyfi.*

Vegan Junk ehf., færanlegur matvælavagn. Skoðaður á Akranesi. – *Nýtt leyfi.*

Skessubrunnur, Tunga, Hvalfjarðarsveit. Veitingastaður - *Nýtt leyfi.*

Fok/Vesturgarður sf., Borgarbraut 57, Borgarnesi. Matvælamarkaður með innpökkuð matvæli. – *Nýtt leyfi.*

Sólbaðstofa K 47 ehf., Smiðjuvöllum 32, Akranesi. – *Nýtt leyfi.*

Myrborg ehf. matvælavinnsla, Sólbakka 4, Borgarnesi. – *Nýtt leyfi.*

Guðlaug, baðstaður Langasandi, Akranesi. – *Tillaga að starfsleyfi.*

Apótekarinn-Lyf og heilsa hf., Dalbraut 1, Akranesi. – *Nýtt leyfi.*

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreind starfsleyfi.

ÓA vék af fundi við afgreiðslu starfsleyfa. AK tók við stjórn fundarins á meðan.

6. Tóbakssöluleyfi. – Gildir í 4 ár.

Basko verslanir ehf. 10-11 Skagabraut 43 Akranesi.
Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreint leyfi.

7. Tóbakssöluundanþága vegna ungmenna.

Nettó Borgarnesi fyrir 4 ungmenni. Ábyrgðaraðili er Kristín Ólafsdóttir.
Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreindar undanþágur.

8. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi gististaða.

Þurranes 2, Dalabyggð. Gististaður með veitingum. - Minna gistiheimili, frístundahús. – Endurnýjun.

Sæból 46, Grundarfirði. Lárperla slf. Gististaður- 2 íbúðir. – Nýr rekstraraðili. Egils Guesthouse ehf., Egilsgötu 6, Borgarnesi. Gististaður 3 íbúðir. – Breytt leyfi. Hótel Ljósaland, Skriðulandi, Dalabyggð. P1 ehf. Gististaður með veitingum. – Endurnýjun.

Hraunsnef sveitahótel, Hraunsnefi Borgarbyggð. Gististaður með veitingum. – Endurnýjun.

Sýsló Guesthouse, Aðalgötu 7, Stykkishólmi. Gistiver ehf. – Minna gistiheimili. – Breyting.

Lagt fram.

9. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi veitingastaða.

Sæferðir ehf., Særún 2427, Stykkishólshöfn. - Endurnýjun.

Hótel Ljósaland, Skriðulandi, Dalabyggð. P1 ehf. Veitingastaður. – Endurnýjun.

Skessubrunnur, Tunga, Hvalfjarðarsveit. Veitingastaður - Endurnýjun.

Landnámssetur Ísland ehf., Brákarbraut 13-15, Borgarnesi. Veitingastaður – Endurnýjun.

Lagt fram.

10. Umsagnir til sýslumanns vegna tækisfærisleyfa.

Lokahóf Knattspyrnufélags ÍA íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum, Akranesi, 22. september s.l.

Sauðamessa Eigið fé ehf., dansleikur, í Hjálmakletti Borgarnesi 7. október s.l.

Afmæli hestamannafélagsins Glaðs, Laugum Sælingsdal, 17. nóvember n.k.

Árshátíð ungmennafélags Reykdæla, félagsheimilið Logalandi, 10. nóvember n.k.

Félag sauðfjárbænda í Dalabyggð. Sviðaveisla og dansleikur í Dalabúð, 26.- og 27. október. s.l.

Nemendafélag LBHÍ skemmtun í félagsheimilinu Brún, Bæjarsveit 1. nóvember n.k.

Lagt fram.

11. Aðrar umsagnir .

- Hvalfjarðarsveit, skipulagsfulltrúi, vegna lýsingar á breyttu Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar vegna frístundabyggða.
- Skorradalshreppur, skipulagsfulltrúi vegna deiliskipulagslýsingar fyrir jörðina Fitjar, Skorradal.
- Borgarbyggð, umhverfis- og skipulagssvið, vegna tillögu að breytingu deiliskipulags fyrir Bjargland II í Borgarnesi.

- Snæfellsbær, byggingarfulltrúi vegna teikninga og byggingarlýsingu á Þjóðgarðsmiðstöð Snæfellsjökuls.

Lagt fram.

12. Önnur mál

- a) **Hundamál Stillholt 14, Akranes** – Framhald frá síðasta fundi. Starfsmenn HeV fóru yfir málið.
Nefndin fer fram á það við Akraneskaupstað að hundaleyfi fyrir viðkomandi hund verði afturkallað enda fari eigandi hundsins ekki eftir ákvæðum hundasamþykktar bæjarfélagsins.
- b) **UST. Stjórnugrís ehf. Melum, Hvalfjarðarsveit.** Reglubundið eftirlit UST, 24.8'18.
Lagt fram.
- c) **Bókun byggðaráðs Borgarbyggðar**, frá 4. október s.l. um fund með formanni og framkv.stj.
Formanni og framkv.stj. falið að svara erindinu.
- d) **Haustfundur HES** (Heilbrigðiseftirlitssvæðin 10)
Framkv.stj. greindi frá helstu málum fundarins.
- e) **Aðalfundur SHÍ** (Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi).
Framkv.stj. greindi frá helstu málum fundarins.
- f) **Meint olíumengun í Grundarfirði 24.10. s.l.**
Framkv.stj. greindi frá helstu málum fundarins.
- g) **Heimaslátrað kjöt á markaði.**
Greint frá sölu á kjöti af heimaslátruðu fé sem selt var á markaði í Skagafirði og m.a. forstjóri Matíss ohf. kom að máli. Samkvæmt frétt á heimasíðu MAST var kjötið innkallað.

Fundi slitið kl: 17.58

Næsti fundur áætlaður: í Stykkishólmi mánudaginn 10. desember kl. 13